

24. september:

Andreas Andreanopoulos, mennta- og vísindamálaráðherra Grikklands, stórriddarakross með stjörnu.

25. september:

Jean-Louis Baudoin, sendiráðunatur í franska sendiráðinu í Reykjavík, stórriddarakross.

1. október:

Rolf Haedrich, leikstjóri, Hamburg, riddarakross.

4. nóvember:

E. Valter Jansson, fv. prófessor, Uppsala, stórriddarakross með stjörnu.
Gunnar Hoppe, prófessor, Stokkhólmi, stórriddarakross með stjörnu.
Dr. Joao Albuquerque, varasjávarútvegsmálaráðherra Portúgal, stórriddarakross með stjörnu.
Piedro Pires Miranda, sendiherra, fv. forstjóri portúgölsku olíueinkasölnunnar Petrogal, stórriddarakross með stjörnu.
Henning Gottlieb, ráðunatur í danska forsætisráðuneytinu, sórriddarakross.

20. nóvember:

Björn Pahle, aðalritari Nordisk Turisttrafikkomite, Kaupmannahöfn, riddarakross.

Nr. 688.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.**1979:**

19. nóv. var cand. odont. Önnu Gerði Richter veitt leyfi til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var cand. odont. Erni Ármanni Jónssyni veitt leyfi til þess að mega stunda tannlækningar hér á landi.

22. nóv. var cand. med. et chir. Ellen Monney veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

7. des. var Gösta Christian Lundholm skipaður vararæðismaður Íslands í Gautaborg.

12. des. var cand. med. et chir. Arnbirni H. Arnbjörnssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

1980:

2. jan. var Nils Dragöy veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaðni Íslands með vararæðisstigi í Tromsö.

S. d. var Ragnhild Fusdahl Hansen skipuð kjörræðismaður með vararæðisstigi í Tromsö.

11. jan. var Walter Ernst Koch skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Kuala Lumpur, Malasíu.

14. jan. var Guðrún Erlendsdóttir skipuð dósent í lagadeild Háskóla Íslands frá 15. september 1979 að telja.

15. jan. var Gunnar Örn Guðmundsson skipaður til að vera héraðsdýralæknir í Borgarfjarðarumdæmi frá 1. febrúar 1980 að telja.

S. d. var Gunnar Már Gunnarsson skipaður til að vera héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi frá 1. janúar 1980 að telja.

17. jan. afhenti Einar Ágústsson Margréti II. Danadrottningu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Danmörku.

18. jan. var Johannes Abraham van Rossum skipaður kjörræðismaður Íslands í Rotterdam.

22. jan. andaðist Sven-Erik Byhr, kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Malmö.

21. jan. var cand. med. et chir. Hirti Sigurðssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

22. jan. var Aðalsteini Ásgeirssyni, lækni, veitt lausn frá störfum læknis við heilsugæslustöðina á Þórshöfn frá og með 1. okt. 1980 að telja.

31. jan. var cand. med. et chir. Helga Jónssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Andrésí Magnússyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Cathy McDermut Helgason veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Sigurði Halldórssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

1. febr. var Erlingur Óskarsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

S. d. var Matthías Frimannsson skipaður kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti

4. febr. var Pétur Jónsson, viðskiptafræðingur, skipaður til þess að vera framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs ríkisspítalanna og Símon Steingrímsson, verkfræðingur, til þess að vera framkvæmdastjóri tæknisviðs ríkisspítalanna, báðir frá 1. febr. 1980 að telja.

S. d. var Gunnar Biering, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir við Landspítalann (Barnaspítala Hringins) frá og með 1. febr. 1980 að telja. Auk venjulegra yfirlæknisstarfa við barnaspítalann skal hann hafa yfirumsjón með nýburahjónustu á Landspítalanum og vera ráðgefandi um þá þjónustu við heilbrigðisstofnanir landsins.

14. febr. var Finni Erlendssyni veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands með vararæðisstigi í Frederikshavn.

S. d. var Kári Sigurbergsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósents í gigtarsjúkdómum og skyldum sjúkdómum um fimm ára skeið frá 1. febr. 1980 að telja.

15. febr. var Jón Bragi Bjarnason skipaður dósent í lifefnafræði í verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. mars 1980 að telja.

S. d. var Gunnar Sigurðsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósents í lyflæknisfræði með innkirtlasjúkdóma sem undirgrein um fimm ára skeið frá 1. febr. 1980 að telja.

S. d. var Hubert Jonas Georges skipaður kjörræðismaður Íslands í Hallisburg-Camp Hill.

18. febr. var Ingbór Friðriksson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöð í Borgarnesi frá og með 1. mars 1980 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Jóni Vilbergi Högnasyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Einari M. Valdemarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Sæmundi Haraldssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

19. febr. var cand. med. et chir. Vilhjálmí Kr. Andrésyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

21. febr. var Atli Freyr Guðmundsson, deildarstjóri, skipaður varaformaður verðlagsráðs frá þeim degi til 31. okt. 1983, sbr. lög nr. 56/1978.

22. febr. voru eftirtaldir menn skipaðir í gjaldskrárnefnd: Georg Ólafsson, verðlagsstj., formaður, Ólafur G. Einarsson, alþingismaður, Ragnar Árnason, hagfræðingur.

26. febr. var Jón G. Stefánsson skipaður dósent í geðlæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. okt. 1979 að telja.

28. febr. afhenti Páll Ásgeir Tryggvason, sendiherra, Gustav Husak, forseta Tékkóslóvakíu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Tékkóslóvakíu með aðsetri í Osló.

29. febr. var dr. Sveinbjörn Rafnsson skipaður prófessor í almennri sagnfræði í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. mars 1980 að telja.

3. mars var Unnsteini Beck, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til máflutnings við Hæstarétt.

4. mars var Sigurgeiri A. Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til máflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Matthías E. Halldórsson skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöð á Hvammstanga frá og með 1. nóv. 1980 að telja.

11. mars var Þórður Friðjónsson, hagfræðingur, skipaður til að taka sæti í gjaldskrárnefnd í stað Ólafs G. Einarssonar, alþingismanns.

13. mars var Ólafi Sigurgeirssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til máflutnings fyrir héraðsdómi.

14. mars var cand. med. et chir. Óskari Arnbjarnarsyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Guðjóni Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í félagslækningum og embættislækningum hér á landi.

S. d. var cand. pharm. Kristrínu Davíðsdóttur veitt leyfi til þess að meða starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

17. mars var Djoko Sukendro Notokusomo skipaður kjöræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Jakarta.

18. mars var gefin út löggilding handa Birni Jónssyni til þess að vera dómþúlkur og skjalaþýðandi úr og á frönsku.

S. d. var Gunnari Þór Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

20. mars var gefin út löggilding handa Erni Sævari Þorleifssyni til þess að vera dómþúlkur og skjalaþýðandi úr og á þýsku.

S. d. var gefin út löggilding handa Gunnari Snorra Gunnarssyni til þess að vera dómþúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var gefin út löggilding handa Ólöfu Kristínu Pétursdóttur til þess að vera dómþúlkur og skjalaþýðandi úr og á frönsku.

S. d. var gefin út löggilding handa Eddu Reginu Harðardóttur til þess að vera skjalaþýðandi úr og á frönsku.

S. d. var gefin út löggilding handa Jónínu Margrétu Guðnadóttur til þess að vera dómþúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

S. d. var gefin út löggilding handa Renötu Erlendsdóttur til þess að vera skjalaþýðandi af íslensku á þýsku.

S. d. var gefin út löggilding handa Þorvaldi Friðrikssyni til þess að vera dómþúlkur og skjalaþýðandi úr og á ensku.

26. mars var Steinþóri Haraldssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til máflutnings fyrir héraðsdómi.

28. mars var Birgir Möller, sendiráðunautur, skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. apríl 1980 að telja.

8. apríl var cand. med. et chir. Ingiríði Skirnisdóttur veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Jóni Karlssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

9. apríl var Guðmundi Arnlaugssyni veitt lausn frá starfi rektors Menntaskólans við Hamrahlíð frá 1. sept. 1980 að telja samkvæmt ósk hans.

14. apríl var Guðjón Magnússon, læknir, skipaður til þess að gegna stöðu aðstoðarlandlæknis frá og með 1. júní 1980 að telja.

16. apríl var dr. Svanur Kristjánsson skipaður dósent í stjórnmálafræði í félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. maí 1980 að telja.

17. apríl var cand. med. et chir. Gunnari Herbertssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Valgerði Sigurðardóttur veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Ólafi F. Magnússyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Péttri Haukssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

23. apríl var Gunnar Snorri Gunnarsson skipaður fulltrúi A-flokks í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. maí 1980 að telja.

29. apríl var Gunnlaugi Claessen, héraðsdómsslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S. d. afhenti Einar Ágústsson, Alessandro Pertini, forseta Ítalíu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Ítalíu með aðsetri í Kaupmannahöfn.

30. apríl voru lækarnir Ingimar S. Hjálmarsson og Guðmundur Óskarsson skipaðir til þess að gegna störfum lækna við heilsugæslustöð á Húsavík frá og með 1. maí 1980 að telja.

2. maí var Þórhildur Líndal, lögfræðingur, skipuð fulltrúi við borgardómaraembættið í Reykjavík frá 1. maí 1980 að telja.

S. d. var Ingi Thorsteinsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Nairobi.

7. maí var cand. med. et chir. Ingibjörgu Georgsdóttur veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Rögnvaldi J. Sæmundssyni veitt lausn frá starfi aðstoðarskólalastjóra við Fjölbautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1980 að telja. Enn fremur var Ragnhildi Alfreðsdóttur veitt lausn frá starfi kennara við Menntaskólann við Sund frá sama tíma að telja, að hennar eigin ósk.

S. d. var cand. med. et chir. Páli Ágústssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

8. maí var Hilmar S. Skagfield skipaður kjörræðismaður Íslands í Tallahassee, Florida.

S. d. var Þórir S. Gröndal skipaður kjörræðismaður Íslands í Florida (Dade, Broward og Palm Beach counties).

S. d. var Halla Linker skipuð kjörræðismaður Íslands í Los Angeles.

S. d. var Frank S. Hinds, kjörræðismanni Íslands í Boca Raton, Florida, veittur persónulegur titill sem kjörræðismaður með aðalræðisstigi.

14. maí var Kjell Sandberg veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands í Port Said frá 1. sept. 1980 að telja.

S. d. var Hans W. Ólafsson, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. med. et chir. Stanton B. Perry veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

20. maí var Tómasi Gunnarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

21. maí var Jóni Steinari Gunnlaugssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Helgu Hannesdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í barnageðlækningum hér á landi.

22. maí var cand. med. et chir. Þórði Óskarssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Ingimundi Gíslasyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

S. d. var Einar Sindrason, lækni, skipaður til þess að vera yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands frá og með 1. júlí 1980 að telja.

S. d. var Hallgrímur Hermóðsson skipaður kennari við Fjölbrautaskólann á Akranesi frá 1. ágúst 1980 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá kennara- starfi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla, frá sama tíma.

S. d. var Óskari Halldórssyni veitt lausn frá dósentsstöðu í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. okt. 1980 samkvæmt ósk hans sjálfs.

23. maí var German Cavelier veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands með aðalræðisstigi í Bogota.

27. maí var Páli Þórhallssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í líffærameinafræði hér á landi.

S. d. var dr. Braga Jósefssyni veitt lausn frá starfi námsráðgjafa við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1980 að telja, að hans eigin ósk. Ennfremur var Halldóri Halldórssyni veitt lausn frá starfi kennara við Menntaskólann við Hamrahlíð frá sama tíma að telja, að hans eigin ósk.

S. d. var Birni Árdal, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í ofnæmis- og ónæmisfræði barna sem undirgrein barnalækninga, en sérfræðileyfi í barnalækningum hlaut hann 12. júní 1978.

3. júní var Valgarði Sigurðssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

6. júní var Kristján Guðjónsson, lögfræðingur, skipaður til þess að vera deildarstjóri sjúkratryggingardeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá og með 15. júní 1980 að telja.

S. d. var Guðmundi Viggóssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

S. d. var Sigurði M. Helgasyni, borgarfégeta við borgarfégetaembættið í Reykjavík, veitt lausn frá embætti frá 1. okt. 1980.

10. júní var cand. med. et chir. Rafni Ragnarssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Þóri S. Ragnarssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Steinunni Margréti Lárusdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. med. et chir. Einari Kr. Þórhallssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

11. júní var Ólafi Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S. d. var Páli Ammendrup, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

12. júní var Sveinn Mikael Árnason skipaður kennari við Menntaskólann við Sund frá 1. ágúst 1980 að telja.

13. júní var Sólveigu Pétursdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. júní var Elías I. Eliasson, bæjarfógeti, skipaður til þess að vera bæjarfógeti á Akureyri og Dalvík og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu frá 15. ágúst 1980 að telja.

19. júní var dr. Gunnar Karlsson skipaður prófessor í Íslandssögu í heimspeki-deild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1980 að telja.

25. júní var Ásmundur Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Vestmannaeyjum frá og með 1. júlí 1980 að telja.

27. júní afhenti Hannes Jónsson, sendiherra, Luigi Cottafavi, framkvæmdastjóra skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, trúnaðarbréf sitt sem fastatulltrúi Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf.

3. júlí var cand. med. et chir. Kristjáni K. Víkingssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

7. júlí var gefið út veitingarbréf handa síra Friðriki J. Hjartar fyrir Hjarðarholtsprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

S. d. var Láru V. Júlíusdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. med. et chir. Snorra Ólafssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Hallgrími Guðjónssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Guðmundi Ásgeirssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Ragnari Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í augnlækningum hér á landi.

10. júlí var Helgi Hauksson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Hveragerði frá og með 1. sept. 1980 að telja.

S. d. var Teiti Jónssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tannréttingum hér á landi.

S. d. var Pétri H. Ólafssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að mega starfa sem sérfræðingur í tannréttingum hér á landi.

11. júlí var séra Hauki Ágústssyni, sóknarpresti að Hofi í Vopnafirði í Múla-prófastsdæmi, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá 1. sept. 1980 að telja.

S. d. var Kristján Víkingsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Vestmannaeyjum frá og með 1. júlí 1980 að telja.

17. júlí voru Halla Baldursdóttir, Jörundur Þórðarson og Kristín Helgadóttir skinað kennarar við Menntaskólann við Sund frá 1. ágúst 1980 að telja.

18. júlí afhenti Haraldur Kröver, sendiherra, Vasílii Vasílievitch Kuznetsov, fyrsta varaforseta forsætisráðs æðstaráðs Sovétríkjanna, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Sovétríkjunum.

20. júlí andaðist Alfred Schubrig, kjörræðismaður Íslands í Vín.

21. júlí var cand. med. et chir. Birni Tryggvasyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Snorra S. Þorgeirssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

22. júlí var Jóhanni Braga Freymóðssyni veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Fort Wayne.

S. d. var dr. Max Adenauer skipaður kjörræðismaður Íslands í Köln.

S. d. var dr. Otto Löffler, ræðismanni Íslands í Köln, veitt lausn frá störfum fyrir aldurs sakir.

S. d. var Pálma Péturssyni veitt lausn frá starfi æfingakennara við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. okt. 1980 að telja, að hans eigin ósk.

Ennfremur voru Höskuldur Goði Karlsson og Sigurður H. Dagsson skipaðir kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1980 að telja.

23. júlí var framlengt leyfi Sharam Firoozmand (bresks ríkisborgara) til þess að stunda almennar tannlækningar í Neskaupstað frá og með 1. júní 1980 til og með 31. des. 1980.

28. júlí var Vilhjálmur Einarsson skipaður skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum frá 1. sept. 1980 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá starfi skólustjóra Héraðsskólans í Reykholti frá sama tíma að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Magnúsi Guðmundssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Einari Ólafssyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

31. júlí var Halldór Þ. Jónsson, fulltrúi á Sauðárkróki, skipaður til þess að vera bæjarfógeti á Siglufirði frá 15. ágúst 1980 að telja.

5. ágúst var cand. med. et chir. Magnúsi Skúlasyni veitt leyfi til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

11. ágúst var séra Grími Grímssyni, sóknarpresti í Ásprestakalli í Reykjavíkurborg, prófestsdæmi, veitt að eigin ósk lausn frá embætti frá 1. nóv. 1980 að telja.

14. ágúst var Hallgrímur Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöðina á Patreksfirði frá og með 1. nóv. 1980 að telja.

19. ágúst voru eftirtaldir kennarar skipaðir frá 1. sept. 1980 að telja, við skóla sem eru í samrekstri ríkis og Reykjavíkurborgar á framhaldsskólastigi og starfa sem fjölbrautaskólar: Ásdís Ásmundsdóttir, Gígja Hermannsdóttir, Guðrún Nielsen, Hafsteinn Þ. Stefánsson, Karl Kristjánsson, Magnús Grímsson og Ólafur Unnsteinsson. Jafnframt var kennurunum veitt lausn frá starfi kennara við grunnskóla Reykjavíkur frá fyrrgreindum tíma að telja.

21. ágúst var Guðmundur Georgsson skipaður prófessor í líffærafræði (vefjafræði) í læknaeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1980 að telja.

22. ágúst var Vilhjálmi Rafnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S. d. var Hannesi Péturssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

S. d. var Árna V. Þórssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í efnaskiptalækningum barna sem hliðargrein barnalækninga. Jafnframt heldur hann þeirri sérfræðiviðurkenningu í barnalækningum sem hann hlaut hinn 10. okt. 1979.

S. d. var Guðfinni P. Sigurfinnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S. d. var Gestu I. Pálssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S. d. var Haraldi Briem veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í smit-sjúkdómum innan lyflæknisfræði hér á landi.

25. ágúst var Þorsteinn A. Jónsson, lögfræðingur, skipaður til þess að vera fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. sept. 1980 að telja.

S. d. var Guðlaugi Þorvaldssyni veitt lausn frá prófessorsembætti í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 15. sept. 1980 að telja, samkvæmt ósk hans sjálfs.

27. ágúst var cand. odont. Gísli Vilhjálmsyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var cand. odont. Jennýju Ágústsdóttir veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var cand. odont. Guðjóni Kristleifssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

28. ágúst var Guðsteinn Þengilsson, læknir, skipaður til að vera læknir við heilsugæslustöðina í Kópavogi frá og með 1. sept. 1980 að telja.

S. d. var Gunnsteinn Gunnarsson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöðina í Kópavogi frá og með 1. sept. 1980 að telja.

S. d. var Geir Þorsteinsson, læknir, skipaður til að vera læknir við heilsugæslustöðina í Kópavogi frá og með 1. sept. 1980 að telja.

1. sept. tók Hjálmar W. Hannesson við starfi sendiráðsritara við sendiráð Íslands í Stokkhólmi.

S. d. tók Hörður H. Bjarnason við starfi sendiráðsritara við sendiráð Íslands í Bruxelles.

2. sept. var Guðmundi Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Stefáni Skarphéðinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. pharm. Smára Björgvinssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var cand. pharm. Fjalari Kristjánssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

4. sept. var cand. med. et chir. Ingvari Teitssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Árna Jóni Geirssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Þorsteini Eggertssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. med. et chir. Þresti Finnbogasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

8. sept. var gefið út takmarkað og tímabundið leyfisbréf skv. 25. gr. laga nr. 50/1978 um váttryggingastarfsemi handa Peter J. Constable, enskum ríkisborgara, f. 11. okt. 1939, til þess að mega starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir Alþjóða Líftryggingafélagið hf., til eins árs frá og með 5. júní 1980 að telja.

S. d. var Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnameinafræði sem hliðargrein í líffærameinafræði, en sérfræðiviðurkenningu í líffærameinafræði hlaut hann 25. okt. 1977.

9. sept. var Árna Tryggvasyni, sendiherra, veitt lausn frá embætti sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands, samkvæmt eigin ósk, frá og með 1. okt. 1980 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Sigfúsi J. Árnasyni fyrir Hofsprestakalli í Múlaprófastsdæmi.

10. sept. var Brynjólfi Mogensen, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarlækningum.

11. sept. var Sigurður Eiríksson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti sýslumanns Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík frá 15. sept 1980 að telja.

18. sept. var Valgeir Ársælsson, viðskiptafræðingur, skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá og með 1. okt. að telja.

S. d. var Kornelíus Sigmundsson, sendiráðsritari, skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá og með 1. okt. að telja.

23. sept. afhenti Einar Ágústsson herra Yitzhak Navon, forseta Ísraels, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Ísrael með aðsetri í Kaupmannahöfn.

25. sept. var Hólmfríður Sólveig Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur, skipuð til þess að gegna stöðu hjúkrunarforstjóra við Heilsugæslustöð Vestmannaeyja frá 1. okt. 1980 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa séra Valgeiri Ástráðssyni fyrir Seljaprestakalli í Reykjavíkurrófastsdæmi.

26. sept. var Sighvati Snæbjörnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

29. sept var Högna Óskarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

30. sept. andaðist Harald Nielsen, kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Fredericia í Danmörku.

S. d. var Niels Christian Nielsen, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

1. okt. var Jóhanna A. Friðriksdóttir skipuð kennari við Menntaskólann í Kópavogi frá 1. okt. 1980 að telja.

S. d. var dr. med. vet. Ólafi Sveini Oddgeirssyni veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. vet. Grétari H. Harðarsyni veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. vet. Helgu Finnsdóttur veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

7. okt. var cand. med. et chir. Oddi Fjalldal veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Þorvaldi Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Guðmundi Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Sigurbirni Sveinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

8. okt. var cand. med. et chir. Birni Sigurðssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Skarphéðni Þórisssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflytninga við Hæstarétt.

9. okt. afhenti Henrik Sv. Björnsson Constantin Karamanlis, forseta Grikklands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Grikklandi með aðsetri í Bruxelles.

S. d. var Gunnari Guðmundssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

13. okt. var Christoffer Sørensen samkvæmt eigin ósk veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands í Stavanger.

15. okt. var Stefáni Pálssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflytninga við Hæstarétt.

S. d. var Sigurði I. Halldórssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S. d. var Valdís Lína Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, skipuð til þess að gegna starfi hjúkrunarforstjóra við Heilsugæslustöðina á Dalvík frá 1. nóv. 1980 að telja.

17. okt. var Sigursteini Aleck Thorarinsson samkvæmt eigin ósk veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands með aðalræðisstigi í Winnipeg.

S. d. var Erik Philip Sørensen skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Malmö.

S. d. var Ragnar Halldór Hall skipaður til að vera borgarfégeti við borgarfégeta-embættið í Reykjavík frá 15. okt. 1980 að telja.

23. okt. afhenti Haraldur Krøyer herra Erich Honecker, forseta Þýska alþýðulýðveldisins, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Þýska alþýðulýðveldinu með aðsetri í Moskvu.

27. okt. var Friðjón Skarphéðinsson, fyrrverandi ráðherra, endurskipaður í orðunefnd til 11. sept. 1986 og Óttarr Möller, forstjóri, skipaður í nefndina til 11. sept. 1986. Varamaður í nefndina var skipaður Ludvig Hjálmtýsson, ferðamálastjóri, til

11. sept. 1986. Jafnframt var Friðjón Skarphéðinsson tilnefndur formaður nefndarinnar.

S. d. var Grétari Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugasjúkdómum hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Ólafi Kjartanssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Hjálmari Jónssyni fyrir Sauðárkróksprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Árna Bergi Sigurbjörnssyni fyrir Ásprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi.

30. okt. afhenti Haraldur Kröyer herra Todor Zhivkov, forseta ríkisráðs Alþýðulýðveldisins Búlgaríu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Búlgaríu með aðsetri í Moskvu.

31. okt. var cand. med. et chir. Konráði S. Konráðssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út skipunarbréf handa séra Fjalari Sigurjónssyni til þess að vera prófastur í Skaftafellsprófastsdæmi frá og með 1. nóv. 1980 að telja.

S. d. var Vigfús Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera læknir við heilsugæslustöðina í Vik í Mýrdal frá og með 1. nóv. 1980 að telja.

1. nóv. tók Ólafur Egilsson við starfi sem protokollstjóri í utanríkisráðuneytinu með sendiherratitli.

4. nóv. var Steingrími Eiríkssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var cand. odont. Sif Matthíasdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

5. nóv. var Ingólfi Lilliendahl, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðarinnar Holtapóteks í Reykjavík frá og með 1. jan. 1980 að telja.

S. d. var Ásberg Sigurðsson, borgarfégeti, skipaður til þess að vera deildarstjóri við hlutafélagaskrá viðskiptaráðuneytisins frá 1. jan. 1980 að telja.

7. nóv. var Gísla Kjartanssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

10. nóv. var Sigurbergi Guðjónssyni, cand. juris., veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. nóv. var Alan William Wagstaff, samkvæmt eigin ósk, veitt lausn frá störfum sem kjörræðismanni Íslands í Manchester.

S. d. afhenti Pétur Thorsteinsson herra Habib Bourgiba, forseta Túnis, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Túnis með aðsetri í Reykjavík.

12. nóv. var Sigmundi Sigfússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

13. nóv. var cand. med. et chir. Aron Björnssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. nóv. var cand. med. et chir. Jóni Hrafnkelssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Úlfari Guðmundssyni fyrir Eyrarbakkaprestakalli í Árnasprófastsdæmi.

19. nóv. var Jóni Eiríkssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Sigurði H. Guðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

21. nóv. var cand. pharm. Bessa Gíslasyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Gunnari Valtýssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma sem undirgrein.

S. d. var cand. med. et chir. Helga Sigurðssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Jóni Bjarna Þorsteinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S. d. var Katrinu Fjeldsted, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

S. d. var Sigurði Þorgrímssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S. d. var Gunnari Helga Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

24. nóv. var Þórólfi Kristjáni Beck, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

25. nóv. var Gylfa Knudsen, cand. juris. veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Símoni Ólafssyni, cand. juris. veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Pétri Einarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

26. nóv. var John Gourley Crossen skipaður kjörræðismaður Íslands í Belfast.

28. nóv. voru lækarnir Katrín Fjeldsted og Vilhjálmur Rafnsson skipuð til þess að vera heilsugæslulæknar við heilsugæslustöð Fossvogsumdæmis við Borgarspítalann í Reykjavík frá 1. des. 1980 að telja.

1. des. var Jóni Guðgeirssyni, lækni, að hans eigin ósk, veitt lausn frá störfum tryggingalæknis við Tryggingastofnun ríkisins frá og með 15. des. 1980 að telja.

3. des. var Gisli Már Gíslason skipaður lektor í líffræði í líffræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Geir Viðari Guðjónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. des. var cand. odont. Inga Gunnlaugssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

8. des. var Guðmundi Reykjalin, deildarstjóra, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum deildarstjóra bókhaldsdeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá og með 1. mars 1981 að telja.

S. d. var Ólöfu Sif Bjarkar, að hennar eigin ósk, veitt lausn frá störfum deildarstjóra verðbréfa- og innheimtudeildar Tryggingastofnunar ríkisins frá og með 1. febr. 1981 að telja.

S. d. var Bogi B. Ingimarsson skipaður kennari frá 1. jan. 1981 að telja við skóla sem eru í samrekstri ríkis og Reykjavíkurborgar á framhaldsskólastigi og starfa sem fjölbrautaskólar. Jafnframt var honum veitt lausn frá kennarastarfi við grunnskóla Reykjavíkur frá sama tíma að telja.

10. des. var cand. med. et chir. Sigurði Thorlacius veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. des. afhenti Hannes Jónsson herra Anwar El-Sadat, forseta Egyptalands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Egyptalandi með aðsetri í Genf.

16. des. var Jan-Peter Schöpp skipaður kjörræðismaður Íslands í Stavanger.

S. d. var cand. pharm. Óla Þór Ragnarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

18. des. var Birgir Brynjólfsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Winnipeg.

S. d. var Sigvalda Friðgeirssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Páll Þórhallsson, læknir, skipaður í hlutastöðu dósentis í líffærameinafræði í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1980 að telja.

19. des. var Ásgeir Magnússon, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Guðmundur Einarsson skipaður lektor í lífeðlisfræði í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1980 að telja.

22. des. var Sigurbjörn Sveinsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Búðardal frá og með 1. jan. 1981 að telja.

23. des. var Hannes Hafstein skipaður sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Þorsteinn Ingólfsson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Hannes Guðmundsson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Ívar Guðmundsson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Hörður H. Bjarnason skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Hjálmar W. Hannesson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. jan. 1981 að telja.

29. des. var Gréta Aðalsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, skipuð til þess að vera hjúkrunarforstjóri við Heilsugæslustöðina að Reykjalundi, Mosfellssveit, frá og með 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi, skipuð til þess að vera deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu frá og með 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var Þorkell Gíslason skipaður til að vera borgarfégeti við borgarfégeta-embættið í Reykjavík frá 1. jan. 1981 að telja.

S. d. var dr. Þórólfur Þórlindsson skipaður prófessor í félagsfræði í félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. jan. 1981 og Helgi Valdimarsson prófessor í ónæmisfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1981 að telja.

30. des. var cand. med. et chir. Haraldí Haukssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Braga Þór Stefánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Einari Hjaltasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

Nr. 689.

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Sendiherrar.

1980:

12. mars afhenti hr. Franco Ferretti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Diego Simonetti af störfum sem sendiherra Ítalíu á Íslandi.

S. d. afhenti hr. Ahmed Fouad Hosny forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Egyptalands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Gamal M. Naguib af störfum sem sendiherra Egyptalands á Íslandi.